

Skýrsla stjórnar Ský fyrir starfsárið 2024-2025

Flutt á aðalfundi félagsins 27. febrúar 2025
56. starfsár

Þá er 56. starfsári Ský lokið. Það voru 31 viðburðir á árinu. Fyrri hluta voru viðburðirnir haldnir á Hilton Nordica og í Grósku, en eftir sumarið voru þeir haldnir í Hörpu og gríðarleg ánægja er með aðstöðuna í Hörpu. Markmið okkar hefur alltaf verið óbreytt, að halda úti öflugri og faglegri starfsemi á sviði upplýsingatækni, m.a. með ráðstefnuhaldi og fræðslustarfsemi og gekk það vel eftir á síðasta ári. Fjárhagsstaða 2024 var mjög góð og félagið byrjað að bæta á eigið fé eftir mögur Covid ár. Á árinu stóðu allir sig vel í að uppfylla þessi markmið og halda áfram því góða starfi sem unnið hefur verið á undanförunum árum.

Félögum í Ský heldur áfram að fjölga sem er jákvætt. Fjöldi félaga í Ský eru 1200 í dag og er það mesti fjöldi frá stofnun félagsins

Kynjahlutfallið er alltaf að jafnast og er fjölgun kvenna 1,6% frá síðasta ári og er nú 63,4 % karlar og 36,6 % konur sem endurspeglar vel tæknigeirann á Íslandi. Vöxtur í heildartengslaneti Ský jókst á milli starfsára og eru í dag 4765 tengiliðir í tengslaneti Ský. Því ber að fagna. Félagið er því á góðri leið aftur og framtíðin er glæsileg.

Stjórn Ský á starfsárinu 2024-2025

Dagbjartur Vilhjálmsson, formaður

María Dís Gunnarsdóttir, ritari

Benedikt Þorgilsson, meðstjórnandi

Hrefna Lind Ásgeirsdóttir, meðstjórnandi

Kristjana Björk Barðdal, gjaldkeri

Guðmundur Jósepsson, meðstjórnandi

Snæbjörn Ingi Ingólfsson, meðstjórnandi

Stjórnin fundaði mánaðarlega, bæði í raunheimum og í netheimum, en flestir stjórnarfundir í dag bjóða upp á báða heima.

Farið var í mjög mikla vinnu með EnnEmm í kringum útlit og ásýnd á UTmessunni seinni hluta árs 2024 með frábæru nýju útliti fyrir UTmessuna 2025.

Ráðstefnur og fundir

Funda- og ráðstefnuhald okkar fór eðlilega af stað á árinu og vorum við með 31 viðburði árinu. Faghópar voru virkir við ráðstefnu- og fundahöld. Yfirlit yfir liðna viðburði er að finna á vefsíðu félagsins (<https://www.sky.is/vidburdir>). Góð aðsókn var almennt á alla viðburði ársins.

UTmessan var haldin með hefðbundnu sniði 2025 þann 7. og 8. febrúar í Hörpunni og tókst hún frábærlega þar sem mættu um 1500 manns og 70 fyrirlesarar stigu á stökk og 52 fyrirtæki á sýningarsvæðinu.

UT-verðlaun Ský

Frá árinu 2010 hefur Ský veitt árlega Upplýsingatækniverðlaun Ský. Um er að ræða heiðursverðlaun að danskri fyrirmynd fyrir framlag til upplýsingatækni á Íslandi. Reglur verðlaunanna kveða á um að verðlaunað sé framtak sem þegar hafi sannað sig og því er ekki um sprota- eða hugmyndaverðlaun að ræða.

Gagnaverin á Íslandi hlutu Upplýsingatækniverðlaun Ský 2025

Stóru gagnaverin 3 á Íslandi, atNorth, Borealis Data Center og Verne Global fengu Upplýsingatækniverðlaun Ský 2025. Verðlaunin voru afhent 7. febrúar á ráðstefnu UTmessunnar. Forseti Íslands, frú Halla Tómasdóttir, afhenti verðlaunin sem eru glerlistaverk eftir Ingu Elínu

Auk aðalverðlaunanna voru sex verðlaun veitt í undirflokkum:

- UT-Stærri fyrirtæki: Festi
- UT-Minni fyrirtæki: Laki Power
- UT-Sprotinn: Treble Technologies
- UT-Stafræna almenna þjónustan: Noona
- UT-Stafræna opinbera þjónustan: HS Orka - Auðlindastýring
- UT-Fjölbreytileika fyrirmyndin: Bara tala

Tímaritið Tölvumál, ritnefnd, orðanefnd og siðanefnd

Veglegt eintak af Tölvumálum um „Sprota og nýsköpun“ kom út í nóvember og var sent til félaga í Ský. Vefútgáfa Tölvumála birtir nýja grein vikulega og má finna á vef félagsins (www.sky.is) og sífellt má sjá aukningu í lestri þar.

Orðanefnd

Orðanefnd Ský sér um að finna ný íslensk orð yfir hugtök tengd tölvutækni og hefur sett inn mörg ný orð síðustu mánuðina um öryggi og gervigreind og fleiri ný hugtök sem nefndinni hafa borist ábendingar um að vanti góða þýðingu á. Öll orðin eru að finna í Tölvuorðasafninu sem er hluti af Íðorðasafni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Siðanefnd

Siðanefnd hefur ekki starfað á vegum Ský síðustu árin.

Faghópar

Starf faghópanna á líðandi ári var jafn glæsilegt og áður. Þeirri venju hefur verið fylgt að hver faghópur sjái um að minnsta kosti einn stærri viðburð á vegum Ský á ári og svo var einnig í ár. Starf faghópanna er mikilvægur hlekkur í starfsemi félagsins og aldrei að vita nema fleiri faghópar líti dagsins ljós í nánustu framtíð. Fjölgað hefur í öllum hópum auk þess að Faghópur um Gervigreind var stofnaður á árinu.

Faghópar Ský á starfsárinu eru:

- Fókus, faghópur um upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu, félagar eru nú 221.
- Sögudeild, félagar eru nú 102.
- Fjarskiptahópur, félagar eru 237.
- Öryggishópur, félagar eru núna 384.
- Faghópur um rafræna opinber þjónustu, félagar eru núna 317.
- Faghópur um vefstjórnun, félagar eru núna 256.
- Faghópur um hugbúnaðargerð, félagar eru núna 348.
- Faghópur um rekstur tölvukerfa, félagar eru núna 282.
- Faghópur um menntun, fræðslu og fræðistörfum í UT, félagar eru nú 289.
- Faghópur um hagnýtingu gagna, félagar eru núna 263.
- Faghópur um stafræna vörustýringu félagar eru nú 141.
- Faghópur um gervigreind var stofnaður á árinu og félagar 103.

Innlent samstarf

Ský á samkvæmt lögum fulltrúa í stjórn Persónuverndar, Þorvarður Kári Ólafsson er fulltrúi Ský og varamaður Jónas Sturla Sverrisson.

Erlent samstarf

Ský hefur um margra ára skeið tekið þátt í evrópsku samstarfi upplýsingatæknifélaga á vettvangi CEPIS (Council of European Professional Informatics Societies). Skýrslutæknifélag Íslands (The Icelandic Computer Society) fékk fyrst allra í heiminum GULL aðild að "DiversIT charter" sáttmálanum á vegum CEPIS í maí 2021. Félagið er nú „ambassador“ fyrir DiversIT sáttmálann á Íslandi og felst það í því að félagið getur aðstoðað við að sækja um vottunina sem felst í því að auka hag fyrirtækja í tölvu- og tæknigeiranum með það að markmiði að ýta undir fjölbreytileika í fyrirtækjum auk þess að fjölga konum og ungu fólki í tæknistörfum.

Bebras

Hin árlega Bebras áskorun fór fram um allan heim í nóvember og einnig á Íslandi sem hefur verið þátttakandi frá árinu 2015. Bebras áskorunin kannar rökhugsun og tölvufærni með því að láta þátttakendur leysa krefjandi og skemmtileg verkefni. Það kostar ekkert að taka þátt og markmiðið að fá alla skóla með. Verkefnið er keyrt samhliða í flestum löndum í byrjun nóvember á hverju ári. Í ár tóku 3.200 nemendur frá 46 skólum þátt en allir skólar með nemendur á aldrinum 6-18 ára geta verið með.

Afkoma félagsins

Eftir erfið ár síðan covid hefur félagið náð frábærum árangri og skilaði góðum hagnaði til að vinna upp sjóði félagsins.

Lokaorð

Ský á sér bæði langa og farsæla sögu sem þverfaglegt félag þeirra sem vilja hagnýta sér eða hafa áhuga á upplýsingatækni. Félagið heldur ráðstefnur, gefur út og starfrækir faghópa. Rekur félagið nú áfram skrifstofu með tveimur stöðugildum. Óhætt er að fullyrða að félagið hefur haft umtalsverð áhrif á framþróun upplýsingatækninnar hér á landi. Starfsemin byggir að miklu leyti á ómældri sjálfboðavinnu stjórnarmanna, ritnefndar, orðanefndar og faghópa. Í félaginu starfar hæft fagfólk úr ýmsum greinum atvinnulífsins sem ekki telur eftir sér að undirbúa viðburði félagsins, að ógleymdum fyrirlesurum. Stjórn Ský vill hér með þakka öllum þessum aðilum fyrir þeirra mikilvæga framlag við að efla starfsemi félagsins.

Starfsmenn félagsins eiga lof skilið fyrir það mikla starf sem þær hafa innt af hendi á árinu. Þær hafa sýnt mikla hæfileika í verkefnastjórn á stórum sem litlum viðburðum og eru þeim kostum gæddar að draga fram í dagsljósið allt það besta sem félagsmenn Ský og aðrir í upplýsingatækniheiminum hafa upp á að bjóða. Við teljum að félagið sé vel rekið og mun halda áfram af sama krafti á komandi starfsári.

F.h. stjórnar Ský,
Dagbjartur Vilhjálmsson, formaður.